



Reykjavík, 19. janúar 2021

Niðurstöður athugunar á stafrænni tækniþróun – Núlán

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í september 2020 vettvangsathugun til að kanna þróun og rekstur tiltekinna rafrænna útlána til einstaklinga, eða svonefndra Núlána, hjá Arion banka hf. Niðurstöður lágu fyrir í janúar 2021.

Meginmarkmið athugunarinnar var að kanna útfærslur bankans á Núlánum, með hliðsjón af 17. og 54. gr. og 1. mgr. 78. gr. g laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Athugunin var tvískipt. Annars vegar úttekt á kerfis- og líkanaáhættu, með áherslu á rekstraröryggi og gæði, og hins vegar úttekt á háttsemisáhættu, með áherslu á breytingastjórnun vegna þróunar og viðhalds á útfærslum.

Til að fá yfirsýn yfir umgjörð Núlána aflaði Fjármálaeftirlitið upplýsinga og gagna um skjölun Núlána. Skoðuð voru m.a. gögn um reikniverk að baki vörunni, áhættumöt, gæðaprófanir vöru, söfnun og meðhöndlun gagna um viðskiptavini, ferlar og verklagsreglur, smíði og viðhald lausnar og gæðaeftirlit með reikniverki og rekstri kerfa síðastliðna 12 mánuði.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga og gagna sem aflað var við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ástæðu til þess að koma á framfæri athugasemdum og viðeigandi úrbótakröfum gagnvart Arion banka hf. vegna annars vegar skorts á heildstæðri vöruskrá fyrir bankann og hins vegar skorts á reglubundnu áhættumati á Núlánum og þar af leiðandi hugsanlegum mildunaraðgerðum tengdum þeim.